

lenzkt kvennfólk þetta, og ekki stór vörn kristindóminum, ef verið væri að bera hann fyrir brjóstini. En það er oft þægilegra að þær hafi ekki uppi svör, þegar verið er að atyrða þær fyrir, að leggja peninga sína í klæðnað fyrir líkamann í stað framlaga til kyrkjunnar.

En það er ekki fyr en Vilh. Pálsson fer að tala; að aðallega er komist að esfninu. Hann gengur út frá því sem vísu, að ráða eigi bót á varnarleysinu gegn ofsknunum, og hann finnur sáðið — að lesa bænir móti óvinum upp á gamlan og góðan kaþólskan síð, reyna særinguna, lesa pistla úr bíblíunni, og verja húsið fyrir Heimskringlu, Eimreiðinni og Heimi. Það var viturleg til-laga og átti vel við esnið og staðinn. Meðal þetta eða annað mjög svipað því var notað úti á Íslandi til forna. Jón gamli Árnason segir svo frá, að gamlar konur hafi krossað sig, er þær fóru að hitta Sturla sinn eða höfðu fataskifti. Mun það hafa verið ræðumann i barnsminni, enda sagðist hann vita til þess, að ráð sín bæri góðan árangur, ef þau væri réttilega notuð. — Mantræðingar hafa það fyrir satt, að andlitsdrættir mannanna semjist mjög að þeim hugsjónum, er gagntaki sárlíf barnanna á unga aldri, einkum sé hugsjónin dregin af lifandi fyrirmynnd. Útlit ræðum var eitthvað átakanlegt þetta kvöld, eins og oftar, er hann fór að leggja á ráðin. Var það og margra geta, að svo væri þeir einir, er „komnir væri úr hörmunginni miklu“ og lifað hefði Sturlungu í æsku. Menn tóku líka eftir því, er hann sagði, því þar var talað úr heimi fyrirbænarinnar af sjónar og heyrnar-votti. — — — —

— Að félagsmenn hafi grætt í ytra álti við fundi þessa eða með sjálfum sér aukist virðing fyrir aðvinnslumátanum er næsta ólíklegt. Að prestarnir komi saman á næturþeli til að bölvá ó-vinum sínum er ekki það, sem hrífur hjörtu þeirra, er langar til að vita til þess, að enn lifi dálítill mannskapur og dáð í ærlegri sókn eða vörn. Né þótt þeir leiði fáeina menn upp á ræðupallinn, er boðnir og búnir eru að játa öllu, sem þeim er uppálagt, er ekki stórum aukið við fræðsluforða almennings með því. Sá leikur líkist meira skrifspaleik trúðara Magnúsar konungs Erlings-sonar, „er hlaupa létu smárakka yfir hávar stengur.“ —